

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 349/2010

2011/EES/29/12

frá 23. apríl 2010

um að leyfa koparklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir koparklósambandi af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns, í aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Niðurstaða álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) frá 12. nóvember 2009 ⁽²⁾, í samhengi við álit frá 16. apríl 2008 ⁽³⁾, er að koparklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Samkvæmt álitinu frá 16. apríl 2008 má líta svo á að sú efnablanda sé gjafi aðgengilegs kopars og að þannig sé viðmiðunum fyrir viðbætt næringarefni fullnægt að því er varðar allar dýrategundir. Matvælaöryggisstofnunin mælir með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda.

Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Efnablandan var þegar leyfð sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1253/2008 frá 15. desember 2008 um að leyfa koparklósamband af hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni meþíóníns sem fôðuraukefni ⁽⁴⁾. Sú reglugerð skal felld úr gildi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1253/2008 er felld úr gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 24.4.2010, bls. 31. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7 (11), 1382.*

⁽³⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 693, bls. 1.*

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 78.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Keminúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámark- saldur	Lágmarks- nihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Cu) í mg/kg heilföðurs með 12 % rakainnihaldi			
3b4.10	—	Koparklósamband af hýdroxýlsetnu hlíðstæðuefni metíóníns	Lýsing á eiginleikum aukefnisins: Koparklósamband af hýdroxýlsetnu hlíðstæðuefni metíóníns sem inniheldur 18 % kopar og 79,5 % - 81 % (2-hýdroxý-4-metýlpíó) bítansýru. Jarðolía: 1 % CAS-nr: 292140-30-8 Greiningaraðferð(1): Frumeindagleypmæling (AAS)	Allar tegundir	—	Nautgripir – Nautgripir áður en jórtur hefst, þ.m.t. staðgöngumjólk föðurbætur: 15 (samtals) – Aðrir nautgripir: 35 (samtals). Sauðfé: 15 (samtals) Smágrísir, allt að 12 vikum: 170 (samtals) Krabbadýr: 50 (samtals) Önnur dýr: 25 (samtals)	1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í föður. 2. Varðandi öryggi notenda: Nota skal öndunarvörn, öryggisgleraugu og -hanska við meðhöndlun. 3. Eftirfarandi orð skulu koma fram á merkimiðanum: – Fyrir föður handa sauðfé ef sty- rkur kopars í föðrinu fer yfir 10 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu föðri kann að valda eitrun í sumu sauðfjárfkyni.“ – Fyrir föður handa nautgripum eftir að jörtur hefst, ef styrkur kopars í föðrinu er minni en 20 mg/kg: „Styrkur kopars í þessu föðri kann að valda koparskortri í nau- tgrípum sem eru hafðir í biðhö- gum með miklu magni mólýb- dens eða brennisteins.“	14. maí 2020	

Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi síð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: <http://www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives>